

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/990**

2021/EES/23/17

frá 28. apríl 2020

um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (1), einkum 192. gr. (2. mgr.), 197. gr. (3. mgr.), 201. gr. (3. mgr.), 202. gr. (3. mgr.), 205. gr. (2. mgr.), 211. gr. (1. mgr.), 213. gr. (1. mgr.), 216. gr. (4. mgr.), 218. gr. (3. mgr.), 221. gr. (1. mgr.), 222. gr. (3. mgr.), 223. gr. (6. mgr.), og 224. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um flokkun skráðra sjúkdóma sem skipta máli fyrir Sambandið. Í 5. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að sjúkdómsbundnar reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum eigi að gilda um skráða sjúkdóma eins og um getur í þeirri grein og í II. viðauka við reglugerðina. Sökum þess að skráðir sjúkdómar útheimta mismunandi stjórnunarráðstafanir er í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 kveðið á um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum þar sem höfð er hliðsjón af hugsanlegum alvarleika af áhrifum þessara mismunandi tegunda skráðra sjúkdóma á heilbrigði manna eða dýra, hagkerfið, þjóðfélagið eða umhverfið.
- 2) Einkum er í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 vísað til mismunandi tegunda skráðra sjúkdóma í a- til e-lið 1. mgr. þeirrar greinar með tilliti til mögulegrar áhættu m.t.t. tilvika þessara skráðu sjúkdóma. Þar að auki er í d-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að einnig skuli líta á þá skráðu sjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, sem skráða sjúkdóma skv. d-lið 1. mgr. 9. gr. þegar unnt er að draga á skilvirkan og hóflegan hátt úr áhættunni sem stafar af sjúkdómnum sem um er að ræða með ráðstöfunum varðandi tilflutning á dýrum og afurðum. Að því er varðar reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð varðandi tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins, öðrum en lifandi lagardýrum, ætti að taka tillit til þessa greinarmunar sem gerður er á mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma.
- 3) Í 2. og 3. kafla II. bóls IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur sem gilda um sjúkdóma í D-flokki og dýrategundir sem eru skráðar fyrir þessa sjúkdóma sem og um reglur um nýtilkomna sjúkdóma. Í þessum ákvæðum er einnig mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á lagardýrum innan Sambandsins, þ.m.t. þau sem eru ætluð til manneldis, og lagardýraafurðum til þess að koma í veg fyrir og verjast útbreiðslu skráðra og nýtilkominna sjúkdóma í Sambandinu.
- 4) Í 2. og 3. kafla II. bóls IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitra þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum. Því er rétt að samþykkja slíkar viðbótarreglur til að tryggja snurðulausa starfsemi nýja lagarammans, sem komið er á fót með þeirri reglugerð, um að verjast dýrasjúkdómum og koma í veg fyrir þá. Þar eð þessar viðbótarreglur eru efnislega samtengdar ætti, fyrir sakir einföldunar og gagnsæis sem og til að greiða fyrir beitingu þeirra, að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mörgum aðskildum gerðum með mörgum millivísunum og hættu á tvítekningum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2021, 10.7.2020, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2016, 31.3.2016, bls. 1

- 5) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽²⁾ eru skráðu sjúkdómarnir, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, flokkaðir í sjúkdóma í A-, B-, C-, D- og E-flokki. Þar er einnig kveðið á um að reglur um forvarnir og varnir gegn skráðum sjúkdómum, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skuli gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir þær skráðu dýrategundir og hópa skráðra dýrategunda sem um getur í töflunni í þeirri framkvæmdarreglugerð. Í töflunni eru m.a. skráðar tegundir og hópar lagardýra og tegundir smitferja fyrir þá sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr.
- 6) Þær reglur og ráðstafanir til áhættumildunar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu að koma til viðbótar við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar tilflutninga á lagardýrum innan Sambandsins, þ.m.t. þau sem eru ætluð til mannelis, og afurðum lagareldisdyra til að tryggja að þessar vörur skapi ekki umtalsverða áhættu á útbreiðslu lagardýrasjúkdómanna sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429 og sem voru síðar skilgreindir í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 sem sjúkdómar í D-flokki sem taka til, eins og við á, sjúkdóma í A-flokki, B-flokki og C-flokki. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma. Að því er varðar sjúkdóma í B- og C-flokki falla tiltekin aðildarríki undir útrýmingaráætlanir til að uppræta þessa skráðu sjúkdóma eða til að sýna fram á að þau séu með sjúkdómalaus stöðu að því er varðar þessa skráðu sjúkdóma. Þegar tekið er tillit til þessara áætlana þykir því rétt að kveða á um að tilflutningar á lagardýrum og afurðum lagareldisdyra, öðrum en lifandi lagareldisdyrum, af skráðum tegundum fyrir viðkomandi sjúkdóm í B- eða C-flokki skuli einungis heimilaðir ef slíkir tilflutningar tefla árangrinum af þessum útrýmingaráætlunum ekki í tvísýnu eða sjúkdómalausri stöðu, að því er varðar þessa skráðu sjúkdóma, ef slík staða hefur náðst.
- 7) Þar að auki, að því er varðar sjúkdóma í C-flokki, er rekstraraðilum stöðva, sem falla ekki undir valkvæða útrýmingaráætlun, heimilt að koma á valkvæðri eftirlitsáætlun fyrir tiltekinn sjúkdóm í C-flokki í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689. Þó svo að slíkar stöðvar verði ekki lýstar sjúkdómalausar munu þær njóta þess ávinnings að taka einungis við tilfluttum lagareldisdyrum af skráðum tegundum fyrir viðkomandi sjúkdóm í C-flokki sem teflir árangrinum af eftirlitsáætluninni ekki í tvísýnu.
- 8) Til samræmis við það ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um viðbótarreglur varðandi tilflutninga á lagardýrum og afurðum af þessum lagardýrum sem þörf er á til að tryggja árangur af slíkum útrýmingar- og eftirlitsáætlunum í aðildarríkjum, á svæðum eða í hölfum þar sem þeim er komið í framkvæmd sem og í aðildarríkjum, á svæðum og í hölfum þar sem sjúkdómalaus staða hefur náðst.
- 9) Í 192. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um ráðstafanir um sjúkdómaforvarnir í tengslum við flutninga á lagardýrum og framkvæmdastjórninni falið vald til að mæla fyrir um viðbótarreglur um hreinsun og sóttgreinsun á flutningatekjum fyrir lagardýr, skipti á vatni, losun vatns og ráðstafanir varðandi smitvarnir til að draga úr hugsanlegri áhættu sem skapast við flutninga á þessum lagardýrum innan Sambandsins. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um ítarlegri kröfur um flutninga á lagardýrum, þ.m.t. flutningur með brunnbáti.
- 10) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að sendingum af lagardýrum af skráðum tegundum, sem koma inn á svæði með sjúkdómalaus stöðu eða svæði sem fellur undir útrýmingaráætlun, verði að fylgja dýraheilbrigðisvottorð nema við tilteknar takmarkaðar aðstæður. Þar eð tilteknar sendingar eru fluttar í viðskiptaskyni í blönduðum framleiðslueiningum, sem gætu verið með mismunandi meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð, skiptir öllu máli að tryggja að hver sending sé affermd á fyrirhuguðum ákvörðunarstað. Í þágu rekjanleika og til að tryggja að einungis sendingar sem eru með tilhlýðilega vottun til sendingar á sjúkdómalaus svæði endi á þeim svæðum er það nauðsynlegt skref til að draga úr áhættu að merkja sendingarnar á þann hátt að merkimiðinn tengi með skýrum hætti saman sendingu af lagardýrum og samsvarandi dýraheilbrigðisvottorð. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um viðbótarreglur um merkingar á slíkum sendingum.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtúð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtúð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

- 11) Í 197. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að lagareldisdýr af skráðum tegundum sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í B- og C-flokki verði að vera upprunnin af svæðum með sjúkdómalausum stöðu ef þau eru ætluð fyrir aðildarríki, svæði eða hólf sem eru laus við þessa skráðu sjúkdóma eða falla undir útrýmingaráætlun fyrir slíka skráða sjúkdóma. Við tilteknaðar aðstæður réttlætir áhættan fyrir heilbrigði dýra þó ekki slíkar takmarkanir. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að kveða á um undanþágu frá slíkum takmörkunum, sem mælt er fyrir um í 197. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, en tryggja um leið að nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr áhættu séu fyrir hendi til að tryggja að slíkir tilflutningar á lagareldisdýrum tefli hvorki heilbrigðisástandinu né útrýmingaráætlunum sem eru fyrir hendi í tvísýnu.
- 12) Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarreglur þar sem kveðið er á um undanþágur í tengslum við lifandi lagardýr af skráðum tegundum, sem eru ætluð til manneldis, þegar þau eru tilflutt í aðildarríki, svæði eða hólf sem er sjúkdómalaus eða fellur undir útrýmingaráætlun og ef þau eru ekki upprunnin frá sjúkdómalausum aðildarríki, svæði eða hólf. Í slíkum tilvikum gætu þessi lagardýr verið af tegundum sem eru skráðar sem tegundir smitferja í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 en hafa ekki komist í snertingu við skráðu dýrategundirnar sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi skráðum sjúkdómum, eins og sett er fram í 3. dálki sömu töflu, og þess vegna er ekki lítið á þau sem smitferjur. Annar möguleiki er að þessi lagardýr gætu verið ætluð til slátrunar og vinnslu í fyrirtæki sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitar sjúkdómssvörnum og að lögbært yfirvald hafi heimilað að þau færu út af svæði sem fellur undir ráðstafanir um sjúkdómavarnir er varða skráðan eða nýtilkominn sjúkdóm. Í þessari reglugerð ætti að kveða á um að viðbótarráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við þökkun og merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁴⁾, verði beitt varðandi lindýr og krabbadýr, sem eru ætluð til manneldis, og tryggja þar með að heimilt verði að tilflytja slík lagardýr á svæði sem er með sjúkdómalausum stöðu eða sem fellur undir útrýmingaráætlun án þess að skapa áhættu á útbreiðslu viðkomandi skráðs eða nýtilkomins sjúkdóms.
- 13) Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarreglur um tilflutninga á lagareldisdýrum af skráðum tegundum til lokaðra lagareldisstöðva það ætti að vera heimilt að tilflytja lagareldisdýr af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, sem hafa ekki komist í snertingu við smitnæmu tegundirnar sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, sem og lagareldisdýr sem hafa verið í sóttkvíun í stöð sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 ⁽⁵⁾ eða í sóttkvíun í annarri lokaðri starfsstöð, þ.m.t. viðtökustöðin, til lokaðra starfsstöðva. Þar eð lokuðum starfsstöðvum er heimilt að skiptast á lagareldisdýrum sín á milli samkvæmt færri kröfum varðandi tilflutninga en gilda um aðrar tegundir lagareldisstöðva er mikilvægt að sértækar reglur og undanþágur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tryggi að slíkir tilflutningar, sem lokaðar starfsstöðvar taka þátt í, skapi ekki áhættu á útbreiðslu skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma.
- 14) Villt lagardýr eru mikilvæg auðlind sem ætti að vernda. Til samræmis við það er aðildarríkjum heimilt að gera þá kröfu skv. 199. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að einungis megi sleppa lagardýrum frá sjúkdómalausum svæðum út í náttúruna jafnvel þótt vatnið sem þeim er sleppt í sé ekki með sjúkdómalausum stöðu. Að auki er í 2. mgr. 205. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir þar sem mælt er fyrir um viðbótarreglur um tilflutninga á lagardýrum til sportveiði, þ.m.t. beita. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um viðbótarreglur um verklagsreglur sem gera aðildarríkjum kleift að nota sér þennan möguleika. Þar eð í reglugerð (ESB) 2016/429 er ekki gerð krafa um dýraheilbrigðisvottun vegna slíkra tilflutninga á sendingum af lagardýrum inn á svæði sem eru ekki sjúkdómalaus ætti að mæla fyrir um slíkar reglur í þessari reglugerð til að tryggja að lögbær yfirvöld í báðum aðildarríkjum séu í aðstöðu til að rekja tilflutninga á slíkum sendingum.
- 15) Lifandi beita, sem er sýkt af skráðum eða nýtilkomnum sjúkdómi í lagardýrum, skapar umtalsverða sjúkdómsáhættu fyrir villt lagardýr og þar af leiðandi mögulega einnig fyrir lagareldisdýr. Til samræmis við það, til að taka á þeirri áhættu, ætti að kveða á um í þessari reglugerð að lifandi beita megi einungis koma frá svæðum með sjúkdómalausum stöðu ef það á að nota beituna í aðildarríki, á svæði eða í hólf með sjúkdómalausum stöðu eða í aðildarríkjum sem hafa gert ráðstafanirnar sem um getur í 199. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345).

- 16) Í 208. og 209. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur í tengslum við tegundir tilflutninga á lagardýrum sem verða að vera með meðfylgjandi vottorð. Sú reynsla sem fengist hefur af beitingu reglnanna, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB ⁽⁶⁾, bendir þó til þess að mjög takmarkaðar og sérstakar aðstæður séu til staðar þar sem beita má undanþágu frá beitingu reglnanna, sem settar eru fram í 208. og 209. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdóma í C-flokki, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi aðildarríkja. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um við hvaða skilyrði ætti ekki að gera kröfu um að dýraheilbrigðisvottorð fylgi sendingum af lagardýrum af skráðum tegundum þegar þær eiga að fara til sjúkdómalausra aðildarríkja.
- 17) Rekstraraðilar gefa út eiginyfirlýsingarskjöl, í samræmi við 218. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir sendingar sem á að tilflytja milli aðildarríkja en sem ekki er gerð krafa um að séu með meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð. Mikilvægt er að mæla fyrir um reglur um upplýsingar sem slík eiginyfirlýsingarskjöl ættu að innihalda til að tryggja rekjanleika sendinga og styðja við örugg viðskipti. Eiginyfirlýsingarskjöl hafa aukið vægi í tengslum við tilflutninga á lagareldisdyrum milli lagareldisstöðva sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlanir vegna sjúkdóms eða sjúkdóma í C-flokki. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að kveða á um að eiginyfirlýsingarskjölin innihaldi nauðsynlegar upplýsingar sem staðfesta að upprunagareldisstöðin sé þátttakandi í eftirlitsáætlun og að enginn grunur sé um eða staðfesting á sjúkdómi eða sjúkdómum í C-flokki í lagareldisstöðinni.
- 18) Til að tryggja að farið sé að reglum varðandi dýraheilbrigðisvottun, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 216. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, er gerð sú krafa að opinber dýralæknir inni af hendi sannprófun skjala og klíniska skoðun og, ef við á, klíniska rannsókn á upprunagareldisstöðinni áður en hann undirritar dýraheilbrigðisvottorðið. Markmiðið með þessum skoðunum er að tryggja að engar sannanir bendi til þess að skráður eða nýtilkominn sjúkdómur sé fyrir hendi í lagareldisstöðinni og að stuðla að öruggum viðskiptum. Mæla ætti fyrir um viðbótarreglur varðandi þessar skoðanir í þessari reglugerð
- 19) Klínísk einkenni um sjúkdóm eru minna áberandi í tilteknum flokkum lagareldisdýra, s.s. eggjum og lindýrum. Þess vegna er það óviðeigandi notkun á tilföngum að krefjast þess að klínískar skoðanir á þessum flokkum lagareldisdýra séu framkvæmdar fyrir hvern tilflutning frá lagareldisstöð. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að kveða á um undanþágu frá þeirri kröfu að inna af hendi klínískar skoðanir á eggjum og lindýrum í hvert skipti sem gerð er krafa um vottun á þeim, að því tilskildu að tilteknar skoðanir séu inntar af hendi í tengslum við skjalahald, dagsetningu fyrri klínískrar skoðunar á lagareldisdyrum, sem eru í haldi á lagareldisstöðinni, og nánari upplýsingar um tilflutninga til stöðvarinnar.
- 20) Reynslan sem fengist hefur af beitingu tilskipunar 2006/88/EB bendir til þess að einnig ætti að mæla fyrir um í þessari reglugerð tilteknar aðrar undanþágur frá þeirri kröfu að inna af hendi klíniska skoðun á tímabilinu innan 72 klukkustunda fyrir sendingu. Þessum undanþágum er ætlað að veita lögbæru yfirvaldi sveigjanleika til að inna af hendi klíniska skoðun innan 7 daga fyrir sendingu við tilteknar takmarkaðar aðstæður þar sem líkur á birtingarmynd sjúkdóms eða áhætta á útbreiðslu skráðs eða nýtilkomins sjúkdóms eru taldar litlar.
- 21) Í 219. og 220. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um skyldur rekstraraðila, annarra en flutningsaðila, og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum í tengslum við tilkynningu um tilflutning á lagardýrum milli aðildarríkja. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um viðbótarreglur varðandi upplýsingar sem rekstraraðilar ættu að láta lögbæru yfirvaldi í té fyrir alla slíka tilflutninga sem og upplýsingar sem lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu ætti að senda lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu. Þessi fyrirframtilkynning um tilflutninga milli aðildarríkja ætti að gilda um bæði lagareldisdýr og villt lagardýr.
- 22) Ef um er að ræða tilflutninga á lagareldisdyrum af skráðum tegundum milli stöðvar í aðildarríki sem tekur þátt í eftirlitsáætlun vegna tiltekens sjúkdóms í C-flokki og stöðvar í öðru aðildarríki sem tekur þátt í eftirlitsáætlun vegna sama sjúkdóms í C-flokki er mikilvægt að mæla fyrir um reglur varðandi þær upplýsingar sem verður að tilkynna um fyrir fram til að tryggja að viðtökustöðin fái lagareldisdýr í viðeigandi heilbrigðisástandi. Af þeim sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um reglur varðandi upplýsingar sem rekstraraðili í upprunastöðinni ætti að senda lögbæru yfirvaldi í upprunaaðildarríkinu sem og upplýsingar sem umrætt lögbært yfirvald ætti að senda lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu.

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjttíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

- 23) Þar eð tilkynning um tilflutninga milli aðildarríkja er mikilvægt skref til að tryggja rekjanleika lagardýra og afurða lagareldisdýra, annarra en lifandi lagareldisdýra, og til að styðja við örugg viðskipti ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar kröfur um fyrirframtilkynningu, þ.m.t. nánari upplýsingar um þær upplýsingar sem rekstraraðilar ættu að láta í té sem og verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir slíkar tilkynningar. Í 219. gr. (2 mgr.), 220. gr. (2 mgr.) og 221. gr. (1 mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/429 og 46. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 ⁽⁷⁾ er því lýst hvaða upplýsingar rekstraraðilar og lögbær yfirvöld eiga að láta í té í tengslum við slíkar tilkynningar ásamt verklagsreglum í neyðartilvikum sem lögbært yfirvald á að koma á ef um er að ræða straumrof eða aðrar truflanir á Traces-kerfinu.
- 24) Í 3. mgr. 222. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að samþykkja framseldar gerðir í tengslum við skyldur rekstraraðila að því er varðar tilflutninga á lagardýraafurðum, öðrum en lifandi lagardýrum, þ.m.t. ráðstafanir til áhættumildunar sem ætti að beita varðandi slíkar afurðir á uppruna- og viðtökustað. Í 4. mgr. 222. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að reglurnar, sem settar eru fram í þeirri grein, gildi ekki um lagardýraafurðir úr villtum lagardýrum sem eru fönguð eða veidd til beinnar neyslu. Til samræmis við það ættu viðbótarreglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einungis að gilda um afurðir lagareldisdýra og mæla ætti fyrir um ráðstafanir sem á að gera þegar tiltekna afurðir lagareldisdýra af skráðum tegundum, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, koma inn á svæði með sjúkdómalaus stöðu til frekari vinnslu eða ef lögbært yfirvald hefur heimilað að þær fari frá stöð eða svæði sem fellur undir neyðarráðstafanir eða takmarkanir á tilflutningi. Í viðbótarreglunum ætti einnig að mæla fyrir um kröfur um dýraheilbrigðisvottun og tilkynningar sem ættu að gilda um slíka tilflutninga til að tryggja rekjanleika slíkra afurða.
- 25) Í reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við tilflutninga á lifandi lagardýrum, ætti að vísa til tegundanna sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 með tilteknum undanþágum vegna tegunda smitferja sem settar eru fram í 4. dálki. Í ljósi lægra áhættustigs sem tengist afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, ættu þó reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar tilflutninga á slíkum afurðum, einungis að gilda um þær smitnæmu tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og ættu ekki að gilda um þær tegundir smitferja sem eru settar fram í 4. dálki í sömu töflu.
- 26) Þess er krafist að við tiltekna aðstæður fylgi dýraheilbrigðisvottorð, í samræmi við 223. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, með afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um nánari upplýsingar um innihald slíkra dýraheilbrigðisvottorða.
- 27) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 í samræmi við daginn þegar reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. HLUÐI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

Þessi reglugerð bætir við reglurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. kafla II. bóka IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins.

(7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

Í henni er einkum mælt fyrir um reglur um:

- a) skyldur rekstraraðila, þ.m.t. flutningsaðilar, vegna flutninga á lagardýrum,
- b) viðbótarkröfur um heilbrigði dýra vegna tilflutninga á lagardýrum, sem eru ætluð til tiltekinnar notkunar eða í tilteknum tilgangi, þ.m.t. kröfur um vottun og tilkynningar,
- c) framleiðslu, vinnslu og dreifingu á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „gámur“: hvers kyns rimlakassi, box, geymir eða annað ósveigjanlegt mannvirki, sem er notað til flutnings á lagardýrum eða eggjum lagardýra, sem er ekki flutningatæki,
- 2) „brunnbátur“: skip sem er með brunn eða tank til að geyma, flytja eða meðhöndla lifandi lagareldisdýr í vatni,
- 3) „tegundir smitferja“: tegundir sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, sem uppfylla skilyrðin fyrir því að teljast smitferjur eins og fram kemur í 3. dálki I. viðauka við þessa reglugerð,
- 4) „beita“: hvers konar lagardýr sem er notað til að laða að eða fanga annað lagardýr,
- 5) „landsráðstafanir“: landsráðstafanir sem gerðar eru til að takmarka áhrif sjúkdóma, annarra en skráðra sjúkdóma, eins og um getur í 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 6) „búsvæði“: vatnasvæði sem einkennast af landfræðilegum, ólífrænum og lífrænum fitjum, hvort sem þau eru náttúruleg eða hálfnáttúruleg,
- 7) „sjúkdómalaust aðildarríki, svæði eða hólfi“: aðildarríki, svæði eða hólfi í aðildarríki sem hefur verið lýst sjúkdómalaust í samræmi við 4. mgr. 36. gr. eða 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 8) „útrýmingaráætlun“: skyldubundin útrýmingaráætlun sem var gerð í samræmi við 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eða valkvæð útrýmingaráætlun sem var gerð í samræmi við 2. mgr. 31. gr. þeirrar reglugerðar,
- 9) „skráð lagareldisstöð“: stöð sem lögbært yfirvald hefur skráð í samræmi við 173. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 10) „samþykkt lagareldisstöð“: stöð sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við 176. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 11) „samþykktur hópur lagareldisstöðva“: hópur lagareldisstöðva sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við 177. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

II. HLUTI

TILFLUTNINGAR Á LAGARDÝRUM

1. KAFLI

Almennar kröfur á rekstraraðila vegna flutninga á lagardýrum

3. gr.

Almennar skyldur rekstraraðila að því er varðar kröfur um smitvarnir vegna flutninga á lagardýrum

1. Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að lagardýr séu:

- a) sett í og flutt í vatni sem breytir ekki heilbrigðisástandi þeirra,
 - b) ekki flutt í sama vatni eða í sama gámi og lagardýr í lakara heilbrigðisástandi frá því að þau eru sett um borð og þangað til þau koma á viðtökustaðinn.
2. Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að:
- a) flutningatæki og gámar séu hönnuð og smíðuð þannig að hreinsun og sóttgreinsun geti farið fram með skilvirkum hætti milli sendinga þannig að heilbrigðisástandi lagardýra sé ekki teft í tvísýnu meðan á flutningi stendur,
 - b) gámurinn, þegar ekki er um að ræða einnota hlut, eða skipið sem og annar flutningsbúnaður séu hreinsuð og sóttgreinsuð milli sendinga.
3. Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að hreinsun og sóttgreinsun, sem krafist er skv. b-lið 2. mgr., fari fram í samræmi við aðferðarlýsingu, sem lögbært yfirvald á upprunastað samþykkir, sem verður að innihalda nánari upplýsingar um hvar og hvenær hreinsun og sóttgreinsun skuli eiga sér stað og tegundir sóttgreinsandi efna sem verður að nota.

4. gr.

Almennar skyldur rekstraraðila að því er varðar kröfur varðandi vatnsskipti og -losun meðan flutningur lagardýra stendur yfir

1. Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að þegar vatnsskipti eru nauðsynleg fari þau einungis fram sem hér segir:
 - a) ef um er að ræða flutning á landi: á skiptastöðum þar sem skiptin breyta ekki heilbrigðisástandi lagardýranna sem verið er að flytja eða þeirra sem eru á viðtökustaðnum eða á leiðinni á viðtökustaðinn,
 - b) ef um er að ræða flutning með brunnbáti: í a.m.k. 10 km fjarlægð frá öllum lagareldisstöðvum sem eru staðsettar á leiðinni frá fermingarstaðnum til viðtökustaðarins.
2. Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að vatnsskipti, eins og um getur í 1. mgr., fari ekki fram á svæðum sem falla undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir.

5. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar sértækar kröfur um flutning og merkingar er varða flutningatæki og gáma sem lagardýr eru flutt í

1. Rekstraraðilar sendinga af lagardýrum, þ.m.t. flutningsaðilar, sem eru með meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð eins og um getur í 208. eða 209. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skulu tryggja að flutningatækið eða gámarnir, sem þessi lagardýr eru flutt í, séu auðkennd með læsilegum merkimiða sem verður að:
 - a) sjást á sýnilegum stað á gámnum eða flutningatækinu, eftir því sem unnt er,
 - b) innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að tengja sendinguna með skýrum hætti við dýraheilbrigðisvottorðið.
2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr., ef um er að ræða flutning með brunnbáti, má færsla í farmskrá skipsins, sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar til að tengja sendinguna með skýrum hætti við dýraheilbrigðisvottorðið sem um getur í 1. mgr., koma í stað merkimiðans.

2. KAFLI

Viðbótarkröfur um heilbrigði dýra vegna tilflutninga á lagardýrum

1. þáttur

Tilflutningar á lagardýrum sem eru ætluð til lagareldisstöðva eða sleppingar út í náttúruna

6. gr.

Undanþágur frá kröfunni um að lagareldisdýr af skráðum tegundum séu upprunnin í sjúkdómalausum aðildarríki, svæði eða hólfi

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er rekstraraðilum, þ.m.t. flutningsaðilar, heimilt að tilflytja lagareldisdýr af skráðum tegundum sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem viðtökuaðildarríkið, -svæðið eða -hólfið hefur öðlast sjúkdómalaus stöðu fyrir, eða sem fellur undir útrýmingaráætlun, frá aðildarríkjum, svæðum eða hólfum sem eru ekki laus við þessa skráðu sjúkdóma við eftirfarandi aðstæður:

- a) lagareldisdýrin eru af einni af tegundunum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og ekki er litið á þau sem smitferjur fyrir sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem um er að ræða, eða
- b) lagareldisdýrin eru af einni af tegundunum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og eru smitferjur en litið er svo á að þau séu laus við sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem um er að ræða, þar eð þau hafa lokið sóttkvíun í sóttkvíunarstöð, sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691, samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið 8. hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð eða
- c) lagareldisdýrin eru af einni af tegundunum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og eru smitferjur en þau hafa verið í haldi í lagareldisstöð, sem er samþykkt í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691, samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið 9. hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð og ekki er lengur litið á þau sem smitferjur fyrir sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem um er að ræða, eða
- d) lagareldisdýrin eiga að fara til lokaðrar starfsstöðvar í vísindaskyni.

7. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar varnir gegn sjúkdómum og ráðstafanir til áhættumildunar vegna tilflutninga á villtum lagardýrum til lagareldisstöðva

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, í tengslum við 1. mgr. 200. gr. hennar, er rekstraraðilum, þ.m.t. flutningsaðilar, heimilt að tilflytja villt lagardýr af skráðum tegundum sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem viðtökuaðildarríkið, -svæðið eða -hólfið hefur öðlast sjúkdómalaus stöðu fyrir, eða sem fellur undir útrýmingaráætlun, frá aðildarríkjum, svæðum eða hólfum sem eru ekki laus við þessa skráðu sjúkdóma að því tilskildu að þessi villtu lagardýr eigi að fara í lagareldisstöðvar og að eftirfarandi aðstæður eigi við:

- a) litið er svo á að þau séu laus við sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem um er að ræða, þar eð þau hafa lokið sóttkvíun í sóttkvíunarstöð, sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691, samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið 8. hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð eða
- b) ef um er að ræða villt lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og sem eru smitferjur hafa þau verið í haldi í lagareldisstöð, sem er samþykkt í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691, samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið 9. hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð og ekki er lengur litið á þau sem smitferjur.

2. þáttur

Tilflutningar á lifandi lagardýrum sem eru ætluð til manneðis

8. gr.

Undanþágur frá kröfum varðandi tilflutninga á lifandi lagardýrum af skráðum tegundum sem eru ætluð til manneðis í aðildarríki, svæði eða hólfi sem hefur öðlast sjúkdómalausastöðu eða sem fellur undir útrýmingaráætlun

Ef lifandi lagardýr eru ætluð til manneðis er aðildarríkjum heimilt, þrátt fyrir 1. mgr. 201. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, í tengslum við 1. mgr. 202. gr. hennar, að leyfa rekstraraðilum að tilflytja dýr af skráðum tegundum með tilliti til sjúkdóms í B- eða C-flokki, sem viðtökuaðildarríkið, -svæðið eða -hólfið hefur öðlast sjúkdómalausastöðu fyrir, eða sem fellur undir útrýmingaráætlun, þegar ein eða fleiri eftirfarandi aðstæðna eiga við:

- a) lifandi lagardýrin eru af einni af tegundunum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og þau eru ekki smitferjur fyrir sjúkdómama í B- eða C-flokki, sem um er að ræða, eða
- b) lifandi lagardýrin eiga að fara til fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum, til slátrunar og síðari vinnslu, og þau eru upprunnin frá svæði sem fellur undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir, eins og um getur í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr. 191. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og lögbært yfirvald leyfir slíka tilflutninga og þeir eiga sér stað í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðkomandi leyfi eða
- c) lifandi lagardýrin eru lindýr eða krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneðis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í VII. og VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið eða
- d) lifandi lagardýrin eru lindýr eða krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneðis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í VII. og VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað, eða
- e) lifandi lagardýrin eru lindýr eða krabbadýr sem eru ætluð til manneðis án frekari vinnslu og þeim er pakkað til smásölu í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í VII. og VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

3. þáttur

Tilflutningar á lagardýrum sem eru ætluð til annarrar tiltekinnar notkunar eða tiltekins tilgangs

9. gr.

Dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á lagareldisdýrum til lokaðra starfsstöðva

1. Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja lagareldisdýr af skráðum tegundum frá lokaðri starfsstöð til lokaðrar starfsstöðvar í öðru aðildarríki ef þessi dýr skapa ekki umtalsverða áhættu á útbreiðslu sjúkdómanna sem þau eru skráð fyrir, byggt á niðurstöðum eftirlitsáætlunarinnar sem um getur í c-lið 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691.

2. Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja lagareldisdýr af skráðum tegundum sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í D-flokki frá lagareldisstöðvum, öðrum en lokuðum starfsstöðvum, til lokaðra starfsstöðva ef þessi lagareldisdýr eru í samræmi við eina eða fleiri af eftirfarandi kröfum:

- a) þau eru upprunnin í sjúkdómalausastöðu aðildarríki, svæði eða hólfi,
- b) þau eru sóttkvíuð við viðeigandi skilyrði í einni af eftirfarandi:
 - i. sóttkvíunarstöð sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691 eða
 - ii. sóttkvíunaraðstöðu í annarri lokaðri starfsstöð eða
 - iii. sóttkvíunaraðstöðu í lokaðri starfsstöð á lokaviðtökustaðnum,

c) Þau eru lagareldisdýr af einni af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og þau eru smitferjur en hafa verið í haldi í lagareldisstöð, sem er samþykkt í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/691, samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 2. lið 9. hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð og ekki er lengur litið á þau sem smitferjur.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er rekstraraðilum heimilt að tilflytja lagareldisdýr, sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi málsgrein, til lokaðrar starfsstöðvar í vísindaskyni.

10. gr.

Viðbótarkröfur varðandi sleppingu lagardýra út í náttúruna

Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja lagardýr til sleppingar út í náttúruna í aðildarríki sem hefur gert ráðstafanir í samræmi við 199. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og þessi lagardýr eru ætluð til sportveiði, þ.m.t. beita eins og um getur í iii. lið a-liðar 2. mgr. 205. gr. hennar, ef þau eru upprunnin í aðildarríki, á svæði eða í hólfi með sjúkdómalausastöðu og þau eru í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- a) Viðtökuaðildarríkið hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um að það beiti ráðstöfunum í samræmi við 199. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 vegna lagardýra sem eru ætluð til sportveiði, þ.m.t. beita eins og um getur í iii. lið a-liðar 2. mgr. 205. gr. hennar,
- b) Lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu hefur heimilað tilflutninginn,
- c) Lögbær yfirvöld í uppruna- og viðtökuaðildarríkinu eru með ráðstafanir fyrir hendi til að tryggja rekjanleika lagardýra sem eru tilflutt í samræmi við þessa grein.

11. gr.

Dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á lagardýrum til notkunar sem lifandi beita

Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja lifandi beitu, sem er lagardýr af skráðum tegundum sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í D-flokki, önnur en þau sem eru tilgreind í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og sem ekki er litið á sem smitferjur, inn í aðildarríki, svæði eða hól sem er með sjúkdómalausastöðu eða sem fellur undir útrýmingaráætlun til að hljóta sjúkdómalausastöðu að því er varðar einn eða fleiri af þessum viðkomandi sjúkdómum í D-flokki, ef slík lifandi beita er upprunnin í sjúkdómalausastöðu aðildarríki, svæði eða hólfi.

3. KAFLI

Dýraheilbrigðisvottorð, eigin yfirlýsingar og tilkynning um tilflutning

1. þáttur

Almennar reglur að því er varðar dýraheilbrigðisvottun

12. gr.

Undanþágur frá kröfum um dýraheilbrigðisvottorð fyrir tiltekna tegundir lagareldisdýra

Þrátt fyrir kröfurnar um dýraheilbrigðisvottun, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 208. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, er rekstraraðilum heimilt að tilflytja lagareldisdýr af skráðum tegundum, sem skipta máli með tilliti til sjúkdóma í C-flokki, án dýraheilbrigðisvottorðs að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) Lögbært yfirvald í viðtökuaðildarríkinu hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um að slíkir tilflutningar séu leyfðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í c- og d-lið,
- b) Lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu hefur heimilað tilflutninginn,

- c) sjúkdómurinn í C-flokki, sem um er að ræða, hefur hvorki komið upp í upprunaaðildarríkinu né viðtökuaðildarríkinu,
- d) bæði lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu og í viðtökuaðildarríkinu eru með kerfi fyrir hendi til að tryggja rekjanleika lagareldisdýra sem eru tilflutt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið.

2. þáttur

Reglur um innihald dýraheilbrigðisvottorða og eiginyfirlýsingarskjala fyrir lagardýr

13. gr.

Reglur um innihald dýraheilbrigðisvottorða fyrir mismunandi tegundir og flokka lagardýra af skráðum tegundum

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að dýraheilbrigðisvottorðin sem um getur í 1. mgr. 208. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 fyrir lagareldisdýr og í 209. gr. hennar fyrir lagardýr, önnur en lagareldisdýr, innihaldi eftirfarandi:
 - a) almennar upplýsingar, sem eru tilgreindar í 1. eða 2. lið A-hluta II. viðauka, eins og við á fyrir lagareldisdýr eða villt lagardýr,
 - b) sérstakar dýraheilbrigðisábyrgðir, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, eins og við á fyrir tegundir og flokka lagardýra sem um er að ræða,
 - c) nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi á að nota lagardýrin í samræmi við 3. lið A-hluta II. viðauka.
2. Sérstakar dýraheilbrigðisábyrgðir fyrir lagardýr af viðkomandi tegundum, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) lagardýrin sem á að tilflytja sýna engin sjúkdómseinkenni og þau eru upprunnin í:
 - i. lagareldisstöð eða á búsvæði þar sem ekki er um að ræða aukna dánartíðni af óskilgreindum orsökum eða
 - ii. hluta af lagareldisstöð eða á búsvæði sem er óháð faraldsfræðilegu einingunni þar sem aukin dánartíðni eða önnur sjúkdómseinkenni hafa komið upp ef lögbært yfirvald í viðtökuaðildarríkinu og, ef við á, lögbært yfirvald í umflutningsaðildarríkinu eða -ríkjunum, ef um slík aðildarríki er að ræða, hafa gefið samþykki fyrir því að slíkur tilflutningur eigi sér stað eða
 - iii. lagareldisstöð sem fellur undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir, sem settar eru fram í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr. 191. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og lögbært yfirvald hefur leyft undanþágu frá þessum takmörkunum á tilflutningi eða neyðarráðstöfunum og tilflutningurinn fer fram í samræmi við skilyrðin í því leyfi,
 - b) lagardýrin sem á að tilflytja eru upprunnin í aðildarríki, á svæði eða í hólfi sem uppfyllir eitt af eftirfarandi:
 - i. það er með sjúkdómalausá stöðu með tilliti til sjúkdóms í B- eða C-flokki sem viðtökuaðildarríkið, -svæðið eða -hólfid hefur öðlast sjúkdómalausá stöðu fyrir eða fellur undir útrýmingaráætlun fyrir, eða
 - ii. það fellur undir útrýmingaráætlun fyrir sjúkdóm í B- eða C-flokki þegar lagardýrin eiga að fara til lagareldisstöðvar sem fellur einnig undir útrýmingaráætlun fyrir sama sjúkdóm í B- eða C-flokki,
 - c) ef viðtökuaðildarríkið hefur gert landsráðstafanir eru lagardýr af viðkomandi tegundum í samræmi við heilbrigðisábyrgðir sem eru nauðsynlegar til að fara að þessum landsráðstöfunum,
 - d) ef lagareldisdýr eru tilflutt frá öðrum lagareldisstöðvum en þeim sem um getur í iii. lið a-liðar 2. mgr. er búið að ljúka við sannprófum skjala að því er varðar skrár um dánartíðni, tilflutninga, heilbrigði og framleiðslu í lagareldisstöðinni sem bendir til þess að enginn grunur sé um skráðan sjúkdóm eða nýttkominn sjúkdóm í lagareldisstöðinni.

*14. gr.***Upplýsingar sem eiga að koma fram í eiginyfirlýsingarskjöllum fyrir mismunandi tegundir og flokka lagareldisdýra**

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að eiginyfirlýsingarskjöl vegna tilflutninga á lagareldisdýrum frá upprunastað sínum í einu aðildarríki til viðtökustaðar í öðru aðildarríki, sem eru gefin út í samræmi við 218. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, innihaldi eftirfarandi upplýsingar:

- a) sérstakar upplýsingar, sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, eins og við á fyrir flokk lagareldisdýra sem um er að ræða,
- b) almennar upplýsingar sem eru tilgreindar í 1. lið B-hluta II. viðauka,
- c) nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi á að nota lagareldisdýrin í samræmi við 2. lið B-hluta II. viðauka.

2. Til viðbótar við kröfurnar í 1. mgr. skulu rekstraraðilar tryggja að eiginyfirlýsingarskjöl fyrir lagareldisdýr af skráðum tegundum innihaldi eftirfarandi sérstakar upplýsingar:

- a) yfirlýsingu um að lagareldisdýrin sem á að tilflytja sýni engin sjúkdómseinkenni og þau séu upprunnin í:
 - i. lagareldisstöð þar sem ekki er um að ræða aukna dánartíðni af óskilgreindum orsökum eða
 - ii. hluta af lagareldisstöð sem er óháð faraldsfræðilegu einingunni þar sem aukin dánartíðni eða önnur sjúkdómseinkenni hafa komið upp ef viðtökuaðildarríkið og umflutningsaðildarríkið eða -ríkin, ef um slík aðildarríki er að ræða, hafa gefið samþykki fyrir því að slíkur tilflutningur eigi sér stað,
- b) ef lagareldisdýrin eru ætluð til lagareldisstöðvar sem tekur þátt í eftirlitsáætlun vegna tiltekins sjúkdóms í C-flokki, yfirlýsingu um að lagareldisdýrin séu upprunnin í lagareldisstöð:
 - i. sem er þátttakandi í eftirlitsáætlun vegna þessa tiltekna sjúkdóms í C-flokki og
 - ii. þar sem enginn grunur hefur komið upp um þennan tiltekna sjúkdóm í C-flokki eða tilvist hans verið staðfest og þetta er stutt með sýnatöku- og rannsóknarstofugögnum sem um getur í f-lið 1. liðar B-hluta II. viðauka.

3. Til viðbótar við kröfurnar í 1. mgr. þessarar greinar skulu rekstraraðilar tryggja að eiginyfirlýsingarskjöl fyrir lagareldisdýr af óskráðum tegundum og fyrir lagareldisdýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, sem ekki er litið á sem smitferjur fyrir viðkomandi sjúkdóma í C-flokki, innihaldi upplýsingar sem benda til þess að lagareldisdýr sem á að tilflytja sýni engin sjúkdómseinkenni og að þau séu upprunnin í:

- a) lagareldisstöð eða á búsvæði þar sem ekki er um að ræða aukna dánartíðni af óskilgreindum orsökum eða
- b) hluta af lagareldisstöð sem er óháð faraldsfræðilegu einingunni þar sem aukin dánartíðni eða önnur sjúkdómseinkenni hafa komið upp ef viðtökuaðildarríkið og umflutningsaðildarríkið eða -ríkin, ef um slík aðildarríki er að ræða, hafa gefið samþykki fyrir slíkum tilflutningi.

*3. þáttur***Reglur um ábyrgð lögbærs yfirvalds að því er varðar dýraheilbrigðisvottun***15. gr.***Reglur sem varða ábyrgð lögbærs yfirvalds að því er varðar dýraheilbrigðisvottun**

1. Áður en opinber dýralæknir undirritar dýraheilbrigðisvottorð, eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 216. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skal hann inna af hendi eftirfarandi skoðanir og rannsóknir í lagareldisstöðinni:

- a) sannprófun skjala að því er varðar skrár um dánartíðni, skrár um tilflutninga og skrár um heilbrigði og framleiðslu, sem eru geymdar í lagareldisstöðinni, og

- b) klínísk skoðun og, ef við á, klínísk rannsókn á:
- lagareldisdýrum sem á að tilflytja,
 - öllum dauðvona lagareldisdýrum sem tekið er eftir í framleiðslueiningum, öðrum en þeim þar sem lagareldisdýrin sem um getur í i. lið eru í haldi,
 - lagareldisdýrum frá sérhverri framleiðslueiningu í lagareldisstöðinni þar sem sannprófun skjala hefur vakið grunsemdir um að skráður sjúkdómur eða nýtilkominn sjúkdómur sé til staðar.
2. Ef um er að ræða egg og lindýr er heimilt að sleppa klínískri skoðun, þrátt fyrir b-lið 1. mgr., ef tilflytja á sendingu frá lagareldisstöð innan 4 vikna frá því að síðustu klínísku skoðun lauk, að því tilskildu að sannprófun skjala, eins og um getur í a-lið 1. mgr., sé innt af hendi innan 72 klukkustunda áður en tilflytja á sendinguna og þessi sannprófun skjala bendir til þess að:
- engir tilflutningar á skráðum tegundum til lagareldisstöðvarinnar hafi átt sér stað eftir að síðasta klínísk skoðun var innt af hendi og
 - enginn grunur er um skráða eða nýtilkomna sjúkdóma í lagareldisstöðinni.
3. Eftir að opinber dýralæknir hefur lokið við skoðanir, eftirlitsúttektir og, ef við á, rannsóknir sem kveðið er á um í 1. mgr. skal hann gefa út dýraheilbrigðisvottorð fyrir sendingu af lagareldisdýrum eða eggjum innan 72 klukkustunda fyrir brottför sendingarinnar frá upprunastöðinni.
4. Dýraheilbrigðisvottorð, eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 216. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skal gilda í 10 daga frá þeim degi þegar opinber dýralæknir gefur það út.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein má lengja 10 daga tímabilið, ef um er að ræða flutning lagareldisdýra eftir vatnaleið eða sjóleiðis, um þann tíma sem ferðin tekur.

16. gr.

Undanþágur frá tilteknum kröfum í tengslum við klínískar rannsóknir og vottun fyrir tilflutning

1. Þrátt fyrir 3. mgr. 15. gr. er heimilt að lengja tímabilið, sem opinber dýralæknir hefur til að inna af hendi klínísk skoðun og, ef við á, klínísk rannsókn og gefa út dýraheilbrigðisvottorð fyrir lagareldisdýr af skráðum tegundum, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr. 15. gr., úr 72 klukkustundum í 7 daga fyrir dagsetningu brottfarar frá upprunalagareldisstöðinni við eftirfarandi aðstæður:
- margir tilflutningar á sömu tegundum lagareldisdýra eiga sér stað frá sömu upprunalagareldisstöðinni til sömu viðtökulagareldisstöðvarinnar og ekki líður lengri tími en 7 dagar milli tilflutninga,
 - sannprófun skjala, að því er varðar skrár um dánartíðni, skrár um tilflutninga, skrár um heilbrigði og framleiðslu, fer fram fyrir tilflutning á hverri sendingu og klínísk skoðun og, ef nauðsyn krefur, klínísk rannsókn er innt af hendi innan 72 klukkustunda fyrir fyrsta tilflutninginn og a.m.k. á 7 daga fresti eftir það þangað til síðasti tilflutningurinn, sem um getur í a-lið, hefur farið fram,
 - hver sending er að fullu rekjanleg.
2. Opinber dýralæknir skal gefa út dýraheilbrigðisvottorð, eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 216. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir hverja sendingu sem er tilflutt á 7 daga tímabilinu milli klínískra skoðana, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um að farið sé að eftirfarandi skilyrðum:
- engir tilflutningar á skráðum tegundum til lagareldisstöðvarinnar hafi átt sér stað eftir að síðasta klínísk skoðun var innt af hendi og
 - enginn grunur er um skráðan eða nýtilkominn sjúkdóm í lagareldisstöðinni.

4. þáttur

Ítarlegar reglur varðandi tilkynningu um tilflutninga á lagardýrum*17. gr.***Fyrirframtilkynning um tilflutninga á lagareldisdyrum til annars aðildarríkis frá lagareldisstöð sem fellur undir eftirlitsáætlun vegna sjúkdóms í C-flokki**

Rekstraraðilar stöðva sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlun vegna tiltekins sjúkdóms í C-flokki, í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, sem tilflytja lagareldisdyr til annarrar lagareldisstöðvar sem er með í framkvæmd eftirlitsáætlun vegna sama sjúkdóms í C-flokki í öðru aðildarríki skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi í upprunaaðildarríki sínu fyrir fram um fyrirhugaðan tilflutning.

*18. gr.***Upplýsingaskylda rekstraraðila að því er varðar tilkynningu um tilflutninga á lagardýrum til annars aðildarríkis**

Rekstraraðilar sem eru skyldugir til að tilkynna lögbæru yfirvaldi í upprunaaðildarríki sínu um tilflutninga á sendingum af lagardýrum til annars aðildarríkis, í samræmi við 219. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skulu láta viðkomandi lögbæru yfirvaldi í té eftirfarandi upplýsingar, sem varða slíkar sendingar, sem settar eru fram í:

- a) ákvæðum 1. og 3. liðar A-hluta II. viðauka varðandi lagareldisdyr, önnur en þau sem um getur í c-lið þessarar greinar, sem á að tilflytja til annars aðildarríkis,
- b) ákvæðum 2. og 3. liðar A-hluta II. viðauka varðandi villt lagardyr sem á að tilflytja til annars aðildarríkis,
- c) ákvæðum B-hluta II. viðauka varðandi lagareldisdyr, sem um getur í 17. gr., sem á að tilflytja til annars aðildarríkis.

*19. gr.***Upplýsingaskylda lögbærs yfirvalds að því er varðar tilkynningu um tilflutninga á lagardýrum til annars aðildarríkis**

1. Lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki, sem er skyldugt til að tilkynna lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríki um tilflutninga á sendingum af lagardýrum til annars aðildarríkis í samræmi við 1. mgr. 220. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skal láta lögbæra yfirvaldinu í té eftirfarandi upplýsingar, sem varða slíkar sendingar, sem settar eru fram í:

- a) ákvæðum 1. og 3. liðar A-hluta II. viðauka varðandi lagareldisdyr, önnur en þau sem um getur í c-lið 18. gr., sem á að tilflytja til annars aðildarríkis,
- b) ákvæðum 2. og 3. liðar A-hluta II. viðauka varðandi villt lagardyr sem á að tilflytja til annars aðildarríkis.

2. Lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríki um tilflutninga á lagareldisdyrum, sem um getur í 17. gr., staðfesta þátttöku lagareldisstöðvarinnar í eftirlitsáætluninni, sem um getur í þeirri grein, og veita upplýsingarnar sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka

*20. gr.***Verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir tilkynningu um tilflutninga á lagardýrum milli aðildarríkja ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á Traces-kerfinu**

Ef Traces-kerfið er ekki tiltækt skal lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki lagardýra sem á að tilflytja til annars aðildarríkis fara eftir viðbúnaðaráætluninni sem var komið á skv 46. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715.

21. gr.

Tilnefning svæða til að stjórna tilkynningum um tilflutninga

Aðildarríki skulu tilnefna svæði á yfirráðasvæði sínu til að stjórna tilkynningum um tilflutninga á lagardýrum til annarra aðildarríkja eins og kveðið er á um í 17., 18. og 19. gr.

Við tilnefningu þessara svæða skulu aðildarríki tryggja að:

- a) allir hlutar yfirráðasvæðis þeirra falli undir a.m.k. eitt tilnefnt svæði,
- b) hvert tilnefnt svæði falli undir ábyrgð lögbærs yfirvalds sem er tilnefnt vegna dýraheilbrigðisvottunar á því tilnefnda svæði,
- c) lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á tilnefnda svæðinu, sé með aðgang að Traces-kerfinu,
- d) starfsfólk lögbærs yfirvalds, sem ber ábyrgð á tilnefnda svæðinu, búi yfir viðeigandi getu og þekkingu og hafi hlotið sérstaka þjálfun eða búi yfir jafngildri hagnýtri reynslu af notkun Traces-kerfisins til að útbúa, meðhöndla og senda upplýsingarnar sem kveðið er á um í 17., 18. og 19. gr.

III. HLUTI

FRAMLEIÐSLA, VINNSLA OG DREIFING Á AFURÐUM LAGARELDISDÝRA, ÖÐRUM EN LIFANDI LAGARELDISDÝRUM

22. gr.

Skyldur rekstraraðila sem tilflytja afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, til frekari vinnslu í aðildarríki, á svæði eða í hólfi sem hefur öðlast sjúkdómalaus stöðu eða fellur undir útrýmingaráætlun

1. Að því er varðar afurðir til frekari vinnslu skulu rekstraraðilar einungis tilflytja afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, af tegundum sem eru tilgreindar í 3. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 með tilliti til sjúkdóma í B- eða C-flokki, sem viðtökuaðildarríkið, -svæðið eða -hólfid hefur öðlast sjúkdómalaus stöðu fyrir, eða sem fellur undir útrýmingaráætlun ef þau eru upprunnin í aðildarríki, á svæði eða í hólfi sem er laust við sjúkdóminn sem um er að ræða.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki gerð krafa um að eftirfarandi afurðir lagareldisdýra af skráðum tegundum, aðrar en lifandi lagareldisdýr, uppfylli kröfurnar í umræddri 1. mgr.:

- a) fiskur, sem er ætlaður til mannelis, sem er slátrað og slægdur fyrir tilflutning,
- b) afurðir úr dýraríkinu sem eiga að fara til fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum.

23. gr.

Skyldur rekstraraðila sem tilflytja afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, frá tilteknum stöðvum og svæðum

Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, sem eru upprunnar frá stöðvum og svæðum sem falla undir neyðarráðstafanir varðandi skráðu og nýtilkomnu sjúkdómanna sem um getur í a-lið 2. mgr. 222. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eða takmarkanir á tilflutningi sem um getur í b-lið 2. mgr. 222. gr. reglugerðarinnar, til annars aðildarríkis, svæðis eða hólfis að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) lögbært yfirvald á viðtökustaðnum hefur heimilað tilflutningana og
- b) afurðirnar úr dýraríkinu, sem um er að ræða, uppfylla skilyrðin sem eru fest við leyfið sem um getur í a-lið.

*24. gr.***Sérstakar kröfur um flutning og merkingar á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum**

Rekstraraðilar, þ.m.t. flutningsaðilar, skulu tryggja að sendingar af afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, eins og um getur í 22. og 23. gr. þessarar reglugerðar, sem krafist er að dýraheilbrigðisvottorð fylgi með í samræmi við 1. mgr. 223. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) sendingarnar eru rekjanlegar meðan á flutningi stendur,
- b) sendingarnar eru auðkenndar með læsilegum merkimiða sem sést á sýnilegum stað á flutningatækinu eða gámnum, eftir því sem unnt er, eða, ef um er að ræða sjóflutninga, með færslu í farmskrá skipsins og merkimiðinn eða farmskráin verður að innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tengja sendinguna við dýraheilbrigðisvottorðið.

*25. gr.***Innihald dýraheilbrigðisvottorða fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, eins og um getur í 22. gr.**

Dýraheilbrigðisvottorð, sem lögbært yfirvald gefur út vegna tilflutninga á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, í samræmi við 4. mgr. 223. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 skal, að því er varðar afurðir sem um getur í 22. gr. þessarar reglugerðar, innihalda eftirfarandi til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 224. gr. þeirrar reglugerðar:

- a) almennar upplýsingar sem eru tilgreindar í 1. lið III. viðauka,
- b) nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi á að nota afurðirnar úr dýraríkinu í samræmi við 2. lið III. viðauka,
- c) staðfestingu, sem opinber dýralæknir undirritar, þar sem vottað er að afurðir lagareldisdýra, sem um er að ræða, séu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr.

*26. gr.***Innihald dýraheilbrigðisvottorða fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, eins og um getur í 23. gr.**

Dýraheilbrigðisvottorð, sem lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu gefur út vegna tilflutninga á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, í samræmi við 4. mgr. 223. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 skal, til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 224. gr. þeirrar reglugerðar, innihalda eftirfarandi:

- a) almennar upplýsingar sem eru tilgreindar í 1. lið III. viðauka,
- b) nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi á að nota afurðirnar úr dýraríkinu í samræmi við 2. lið III. viðauka,
- c) staðfestingu, sem opinber dýralæknir undirritar, eins og um getur í 3. lið III. viðauka, þar sem vottað er að farið sé að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 23. gr.

*27. gr.***Upplýsingaskylda rekstraraðila að því er varðar tilkynningu um tilflutninga á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, milli aðildarríkja**

Þegar rekstraraðilar tilkynna um tilflutning á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, til annarra aðildarríkja, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 225. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skulu þeir láta lögbæru yfirvaldi í upprunaaðildarríkinu í té upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð fyrir hverja sendingu af afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum.

28. gr.

Upplýsingaskylda lögbærs yfirvalds að því er varðar tilkynningu um tilflutninga á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, milli aðildarríkja

Þegar lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki tilkynnir lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríki um tilflutning á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, í samræmi við 2. mgr. 225. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skal það láta í té upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð fyrir hverja sendingu af afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum.

29. gr.

Verklagsreglur í neyðartilvikum

Ef Traces-kerfið er ekki tiltækt skal lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki afurða lagareldisdýra, annarra en lifandi lagareldisdýra, sem á að tilflytja til annars aðildarríkis, fara eftir viðbúnaðaráætluninni sem var komið á skv 46. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715.

IV. HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Tegundir smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 og við hvaða skilyrði skal líta á þessar tegundir sem smitferjur að því er varðar tilflutning

Skrá yfir sjúkdóma	Tegundir smitferja	Skilyrði í tengslum við tilflutninga frá upprunastað lagardýra af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882.
Blóðmyndandi drep	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir blóðmyndandi drep við öll skilyrði.
Veirublæði	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir veirublæði þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Iðradrep	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir iðradrep þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu	Engar tegundir smitferja eru skráðar fyrir sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu.	
Sýking af völdum <i>Microcytos mackini</i>	Engar tegundir smitferja eru skráðar fyrir sýkingu af völdum <i>Microcytos mackini</i>	
Sýking af völdum perkinsveikisýkils (<i>Perkinsus marinus</i>)	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum perkinsveikisýkils (<i>Perkinsus marinus</i>) þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>)	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>) þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða

Skrá yfir sjúkdóma	Tegundir smitferja	Skilyrði í tengslum við tilflutninga frá upprunastað lagardýra af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882.
		b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum <i>Bonamia exitiosa</i> þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>)	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>) þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum rauðhalaveiru	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum rauðhalaveiru þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum gulhöfðaveikiveiru	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum gulhöfðaveikiveiru þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.
Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru	Eins og tilgreint er í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882	Líta skal á lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitferjur fyrir sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru þegar þau eru upprunnin frá: a) lagareldisstöð eða hópi lagareldisstöðva þar sem tegundir, sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu, eru í haldi eða b) náttúrunni þar sem þau geta hafa komist í tæri við tegundir sem eru tilgreindar í 3. dálki sömu töflu.

*II. VIÐAUKI***A. Upplýsingar sem eiga að koma fram í dýraheilbrigðisvottorði eða tilkynningu fyrir lagardýr**

1. Dýraheilbrigðisvottorð eða tilkynning fyrir lagareldisdýr skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) nafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda,
 - b) heiti og heimilisfang upprunastöðvarinnar og
 - i. ef upprunastöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef upprunastöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - c) heiti og heimilisfang viðtökustöðvarinnar og
 - i. ef viðtökustöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef viðtökustöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - iii. ef viðtökustaðurinn er búsvæði, staðsetningin þar sem ætlunin er að afferma dýrin,
 - d) heiti og heimilisfang flutningsaðila,
 - e) vísindaheiti tegundarinnar og fjöldi, magn eða þyngd lagareldisdýranna, eins og við á samkvæmt lífsstigi þeirra,
 - f) dagsetning, tími og útgáfustaður og gildistími dýraheilbrigðisvottorðsins og nafn, hæfi og undirskrift opinbera dýralæknisins og stimpill lögbærs yfirvalds á upprunastað sendingarinnar,
 - g) þegar við á, staðfesting á því að samþykki lögbærs yfirvalds í viðtökuaðildarríkinu hafi fengist.
2. Dýraheilbrigðisvottorð eða tilkynning fyrir tilflutninga á villtum lagardýrum skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) nafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda,
 - b) staðurinn þar sem dýrin voru fönguð og sett um borð til sendingar,
 - c) viðtökustaðurinn og
 - i. ef viðtökustaðurinn er búsvæði, staðsetningin þar sem ætlunin er að afferma dýrin eða
 - ii. ef viðtökustöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - d) heiti og heimilisfang flutningsaðila,
 - e) vísindaheiti tegundarinnar og fjöldi, magn eða þyngd villtu lagardýranna, eins og við á samkvæmt lífsstigi þeirra,
 - f) dagsetning, tími og útgáfustaður og gildistími dýraheilbrigðisvottorðsins og nafn, hæfi og undirskrift opinbera dýralæknisins og stimpill lögbærs yfirvalds á upprunastað sendingarinnar,
 - g) þegar við á, staðfesting á því að samþykki lögbærs yfirvalds í viðtökuaðildarríkinu hafi fengist.
3. Dýraheilbrigðisvottorð eða tilkynning fyrir tilflutninga á lagardýrum skal innihalda nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi lagardýrin eru ætluð og þar skal tilgreina eitt af eftirfarandi:
 - a) áfram í haldi,
 - b) til sleppingar út í náttúruna,
 - c) umlagning,
 - d) sóttkvíun,
 - e) til skrauts,
 - f) beita,
 - g) eyðing eða slátrun ef þau eru upprunnin frá svæði sem fellur undir ráðstafanir um sjúkdómavarnir,

- h) slátrun og frekari vinnsla,
- i) til manneldis,
- j) hreinsunarstöðvar,
- k) afgreiðslustöðvar,
- l) í rannsóknarskyni,
- m) annað (skal tilgreint nánar).

B. Upplýsingar sem eiga að koma fram í eiginyfirlýsingarskjölum varðandi lagareldisdýr sem eru tilflutt til annars aðildarríkis

1. Eiginyfirlýsingarskjal fyrir lagareldisdýr, þ.m.t. lagareldisdýr sem eru ætluð til manneldis, skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) nafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda,
 - b) heiti og heimilisfang upprunastöðvarinnar og
 - i. ef upprunastöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef upprunastöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - c) heiti og heimilisfang viðtökustöðvarinnar og
 - i. ef viðtökustöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef viðtökustöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - d) heiti og heimilisfang flutningsaðila,
 - e) tegund og fjöldi, magn eða þyngd lagareldisdýranna, eins og við á samkvæmt lífsstigi þeirra,
 - f) dagsetning þegar síðasta sýnið var tekið, í samræmi við III. hluta VI. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689, og niðurstöðurnar úr prófunum á því sýni þegar lagareldisdýrin eiga að fara til stöðvar í öðru aðildarríki sem er með í framkvæmd eftirlitsáætlun vegna tiltekins sjúkdóms eða sjúkdóma í C-flokki,
 - g) dagsetning og sendingartími sendingarinnar.
2. Eiginyfirlýsingarskjal vegna tilflutninga á lagardýrum, þ.m.t. lagareldisdýr sem eru ætluð til manneldis, skulu innihalda nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi ætlunin er að nota lagardýrin og þar skal tilgreina eitt af eftirfarandi:
 - a) áfram í haldi,
 - b) til sleppingar út í náttúruna,
 - c) umlagning,
 - d) sóttkvíun,
 - e) til skrauts,
 - f) slátrun og frekari vinnsla,
 - g) til manneldis,
 - h) hreinsunarstöðvar,
 - i) afgreiðslustöðvar,
 - j) í rannsóknarskyni,
 - k) annað (skal tilgreint nánar).

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem eiga að koma fram í dýraheilbrigðisvottorði eða tilkynningu fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr

1. Dýraheilbrigðisvottorð eða tilkynning fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) nafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda,
 - b) heiti og heimilisfang upprunastöðvarinnar eða -staðarins og
 - i. ef upprunastöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef upprunastöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - c) heiti og heimilisfang viðtökustöðvarinnar eða -staðarins og
 - i. ef viðtökustöðin er samþykkt stöð, einkvæmt samþykkisnúmer þeirrar samþykktu stöðvar eða
 - ii. ef viðtökustöðin er skráð stöð, einkvæmt skráningarnúmer þeirrar skráðu stöðvar,
 - d) vísindaheiti tegundar lagareldisdýranna sem afurðirnar eru fengnar úr og fjöldi, magn eða þyngd afurðanna, eins og við á,
 - e) dagsetning, tími og útgáfustaður og gildistími dýraheilbrigðisvottorðsins og nafn, hæfi og undirskrift opinbera dýralæknisins og stimpill lögbærs yfirvalds á upprunastað sendingarinnar.
2. Dýraheilbrigðisvottorð eða tilkynning fyrir tilflutninga á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, skal innihalda nánari upplýsingar um í hvaða tilgangi ætlunin er að nota afurðirnar og þar skal tilgreina eitt af eftirfarandi:
 - a) bein neysla,
 - b) vinnsla í fyrirtæki sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum,
 - c) annað (skal tilgreint nánar).
3. Staðfestingin sem á að koma fram í dýraheilbrigðisvottorði fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, sem á að tilflýtja frá takmörkunarsvæði skal vera sem hér segir:

„Afurðir úr dýraríkinu sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í leyfinu [xxx, þ.m.t. heiti og birtingardagur viðkomandi lagagerðar] varðandi ráðstafanir um sjúkdómavarnir gegn [setjið inn heiti viðkomandi sjúkdóms] í [setjið inn nánari upplýsingar um upprunasvæðið sem er takmörkunarsvæði]“.
